

Menntaskólinn Hraðbraut Úttekt

Guðrún Geirsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir

Maí 2010

Innihald

Helstu niðurstöður	3
Inngangur	4
1. Gögn og aðferðir	5
2. Um Hraðbraut.....	6
3. Niðurstöður úttektar	7
Lokaorð	29

Helstu niðurstöður

- Sérstaðan skólans er annars vegar tveggja ára nám til stúdentspróf og hins vegar skipulag námsins í lotur.
- Skólinn veitir nemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum.
- Skólinn veitir annað tækifæri til náms fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum hafa þurft að hverfa frá námi í framhaldsskóla.
- Hugmyndafræðin á baki stofnunar skólans og námsskipulagi er áhugaverð en bæta þarf úr möguleikum til skólaþróunar.
- Skipulag lotukerfis og fyrirkomulag um heimanám í skólanum er áhugavert kennsluform sem nemendur eru mjög ánægðir með. Skólinn gerir miklar kröfur til nemenda um ástundun og aðhald er mikið.
- Smæð skólans er styrkur bæði hvað varðar *samskipti* nemenda og samskipti nemenda og kennara.
- Nemendur eru ánægðir með skólann og líður vel innan veggja hans.
- Kennarar mjög metnaðarfullir og tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu sem fylgir því að starfa í þessu kerfi. Skipulag kennslu er afar skýrt og nemendur vita vel til hvers er ætlast af þeim hverju sinni.
- Kennarar telja aðbúnað til kennslu og vinnuaðstöðu góða.
- Samskipti skólastjóra og annara starfsmanna virðist vera mjög brotkennt. Ósætti litar skólastarfið og viðhorf kennara almennt. Sumar kennarar telja að skólinn verði að hafa betri faglega forystu til áframhaldandi þróunar.
- Stjórnhættir skólastjóra falla illa að hugmyndum margra kennara sem telja ákvarðanir í mikilvægum málefnum einhliða og án samráðs við þá.
- Viðurlög við reglum voru óljós og virtust byggðar á geðþótta þrátt fyrir skýrar reglur.
- Kennarar eru faglegir einyrkjar, þrátt fyrir góðan anda meðal samkennara og því ekkert eiginlegt þróunarstarf í gangi í skólanum sem slíku.
- Skipulag kennslu gerir kennurum erfitt um vik að sækja endurmenntun og þeir telja sig ekki hvatta til þess af skólastjórn.
- Engin vinna er í gangi innan skólans vegna þróunar nýrrar námskrár.
- Gæðamatskerfi skóla er enn í mótun.
- Bæta mætti í skólanámskrá (heimasiðu) upplýsingum um stefnu skólans svo og gæðamatskerfi hans.
- Hugmyndalegur ágreiningur er á milli meirihluta kennara og skólastjóra um það hvernig skóli þetta á að vera.

Inngangur

Hér á eftir verða settar fram niðurstöður úttektar á starfsemi Menntaskólans Hraðbraut sem unnin var að beiðni Menntamálaráðuneytis í apríl og maí 2010. Markmið með úttektinni er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi skólans. Við matið var einkum lögð áhersla á skoða eftirfarandi þætti skólastarfs: Stjórnun, kennsluhætti, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, samskipti, starfsanda, aðstöðu nemenda og kennara, viðhorf nemenda, starfsfólks og nærsamfélags til skólastarfsins, svo og menntun kennara. Jafnframt var lagt mat á hvernig innra mat skólans er hagað og hvernig það nýtist til umbótastarfs.

Eftirfarandi meginspurningar voru lagðar til grunvallar matinu:

- Starfar skólinn innan gildandi laga og reglugerða um framhaldsskóla?
- Hvað einkennir einkum stjórnun skólans?
- Hvað einkennir samstarf og samskipti innan skólans svo og skólans og nærsamfélags hans?
- Hvað einkennir náms- og kennsluhætti innan skólans þar með talið námsmat?
- Hver eru viðhorf stjórnenda, kennara og nemenda til skólastarfs og gæða þess?
- Hvaða leiðir eru farnar til að stuðla að umbótum og skólaþróun?

Skipulag skýrslu er eftirfarandi. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir þeim gögnum sem aflað var og aðferðum sem beitt var við matið. Í öðrum kafla er að finna lýsingu á menntaskólanum Hraðbraut, sérstöðu hans svo og fjölda nemenda og starfsmanna. Niðurstöður eru settar fram í kafla þrjú sem skiptist í níu undirkafla þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir tilurð og stefnu skólans, húsnæði, aðstöðu, stjórnun og rekstri, skólaþróun og mati á gæðum skólastarfs. Starfsfólki, viðhorfum og væntingum og loks styrk skólans og því sem betur má fara.

Höfundar skýrslu vilja þakka skólastjórnendum, starfsfólki og nemendum Menntaskólans Hraðbrautar góðar móttökur svo og alla aðstoð þeirra sem lögðu okkur lið við matið.

1. Gögn og aðferðir

Til að afla gagna við mat á Menntaskólanum Hraðbraut voru tekin viðtöl við fulltrúa ólíkra hagsmunahópa, farið í vettvangsheimsóknir í skólann á skólatíma og rýnt í rituð gögn frá skóla og menntamálaráðuneyti.

Viðtöl voru tekin í húsnæði skólans við eftirfarandi aðila:

1. Skólameistara
2. Aðstoðarskólameistara
3. Fulltrúar kennara (tvö viðtöl)
4. Fulltrúar yfirsetufólks
5. Námsráðgjafa
6. Sjálfsmatsfulltrúa
7. Fulltrúa nemenda
8. Fulltrúa foreldraráðs

Viðtöl voru tekin upp með leyfi viðmælenda, þau afrituð og hljóðskráð síðan eytt.

Vettvangsathuganir voru farnar í skólann til að afla upplýsinga um aðstæður til kennslu, vinnuaðstöðu kennara og nemenda, aðbúnað til kennslu og skynja staðblæ skólans.

Rituð gögn sem voru skoðuð sérstaklega eru eftirfarandi:

- a. Sjálfsmatskýrsla 2010
- b. Þjónustusamningur skólans við ráðuneyti frá 1. janúar 2007- 31. desember 2010
- c. Kynningarbæklingur skóla
- d. Sýnishorn af fundargerð kennarafunda
- e. Yfirlit yfir fjölda nemenda, skiptu þeirra á milli ára, meðtalsbrottfall 2009-2010, fjöldi nemenda sem koma beint úr grunnskóla og þeirra sem eru eldri
- f. Sýnishorn af áfangalýsingum (enska og íslenska)
- g. Sýnishorn af kennsluáætlunum
- h. Listi fyrir starfsmenn og menntun þeirra

2. Um Hraðbraut

Menntaskólinn Hraðbraut hóf starfsemi sína árið 2003 og er staðsettur að Faxafeni 10 í húsi Framtíðarinnar. Skólastjóri er Ólafur Haukur Johnson. Skólinn er sjálfeignarstofnun rekinn af Hraðbraut ehf sem gerir þjónustusamningi við menntamálaráðuneyti. Nemendur greiða að auki skólagjöld sem skólaárið 2009-2010 eru kr. 225.000.

Skólinn býður nám til stúdentsprófs á tveimur árum á náttúrufræðibraut og málabraut og eru brautirnar skilgreinar í samræmi við gildandi námskrá menntamálaráðuneytis. Yfirlit yfir skipulag náms og áfanga er að finna á heimsíðu skólans. Nemendur ljúka 136 einingum og hafa að þeim loknum lokið stúdentsprófi og öðlast þau réttindi sem það próf veitir. Ákvæði menntamálaráðuneytis kveða á um 140 eininga lágmark til stúdentsprófs. Í Hraðbraut er reiknað með að nemendur taki 2 einingar í íþróttum á hvoru námsári en taki ekki þær fjórar einingar sem fást myndu við fjögurra ára nám og munar þannig fjórum einingum á einingafjölda nemenda til stúdentsprófs.

Kennsluskipulag skólans er byggt upp á svo kölluðu lotukerfi þar sem námið er skipulagt í 15 sex vikna lotum og takast nemendur á við þrjá þriggja eininga námsáfanga í hverri lotu og ljúka því 9 námseinungum í hverri. Loturnar eru skipulagðar þannig að fjórar vikur eru nýttar í kennslu og skipulagðan námstíma nemenda en fimmta vikan er prófavika. Síðasta vika hverrar lotu er frívika fyrir þá nemendur sem náð hafa prófum lotunnar en aðrir nemendur taka endurtekningapróf.

Veturinn 2009-2010 stunda 158 nemendur við skólann, 96 nemendur á fyrra ári og 62 nemendur á því síðara. Af þeim koma 50% beint úr grunnskóla.

Auk skólastjóra starfa við skólann 23 starfsmenn í ríflega 17 stöðugildum. Við skólann starfa 10 kennarar í fullu starfi og 8 skólafulltrúar í 5 stöðugildum, námsráðgjafi í 60% starfi, bókarari, skólaritari auk aðstoðarskólastjóra.

3. Niðurstöður úttektar

3.1. Tilurð og stefna skólans

Menntaskólinn Hraðbraut var stofnaður sem einkaskóli 1. ágúst 1996 í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla en tók til starfa haustið 2003. Hann er því að ljúka sínu sjöunda starfsári.

Á heimsíðu skólans sem jafnframt gegnir því hlutverki að vera skólanámskrá hans er ekkert kveðið á um stefnu, markmið eða hlutverk skólans. Í viðtali við skólastjóra kemur fram að með stofnun skólans hafi markmiðið fyrst og fremst verið að skapa skóla þar sem hægt væri að halda áhugasömum nemendum með skipulögðum hætti við afkastamikla vinnu. Í þjónustusamningi Hraðbrautar og menntamálaráðuneytis felst verkefni skólans í því að veita hæfileikaríkum og námsfúsum nemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum með þeirri þjónustu og aðstöðu sem nauðsynleg er.

Í sjálfsmatsskýrslu skólans frá 2010 sem ekki hefur enn verið birt opinberlega eru eftirfarandi markmið tilgreind með rekstri skólans:

1. Að undirbúa nemendur sem best undir nám á háskólastigi.
2. Að nemendur fái að nema og þroskast við verðug verkefni í frábærum framhaldsskóla í andrúmslofti sem mótað er af gagnkvæmu trausti og virðingu nemenda, kennara og skólastjórnenda. Stuðlað er að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi og undir frekara nám eða störf í atvinnulífinu.
3. Að veita öguðum og námsfúsum nemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi á skemmri tíma en kostur er á í öðrum framhaldsskólum.
4. Að þjálfa nemendur í þekkingarleit, sjálfstæðum vinnubrögðum, gagnrýnni hugsun, félagsstarfi, mannlegum samskiptum og að auka ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda.
5. Að veita starfsfólki kost á að starfa við spennandi verkefni við bestu aðstæður.
6. Að reka menntastofnun með grundvallaratriði gæðastjórnunar að leiðarljósi.
7. Að kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta.
8. Að kenna nemendum árangursrík vinnubrögð og nýtingu tölvu- og upplýsingatækni við þekkingarleit.

3.2 Húsnæði og aðstaða

Menntaskólinn Hraðbraut er til húsa að Faxafeni 10, annarri hæð í Reykjavík. Hann er staðsettur í verslunar- og skrifstofuhverfi og hefur enga sérstaka skólalóð. Hann er hins vegar mjög miðsvæðis þegar hugað er að samgöngum til og frá skóla.

Í Faxafeni 10 er að finna móttöku skólans, skrifstofur stjórnenda og námsráðgjafa, ljósritunarherbergi, góða kaffistofu starfsmanna, fundarherbergi, rúmgóðar kennslustofur, sérútbúna raungreinastofu, vinnuherbergi kennara svo og ágætt miðrymi sem nemendur nýta sem félagsaðstöðu og til samveru.

Ekkert mótuneyti er í skólanum en í miðryminu hafa nemendur aðgang að eldhúskróki þar sem er að finna kaffikönnu, örbylgjuofn, samlokugrill og eldhúsáhöld. Nemendur bera ábyrgð á umgengi eldhúsrýmis og tekst það þökkalega að mati stjórnenda og þeirra sjálfra. Nemendur hafa aðgang að læstum skápum þar sem þeir geta geymt námsgöng og aðra persónulega muni. Nemendur hafa aðgang að skólahúsnæðinu eftir að kennslu lýkur á daginn og bera sjálfir ábyrgð á því að ganga frá eftir sig og læsa húsinu kl. 23. Þeir segjast mjög ánægðir með það að geta unnið í skólanum að kvöldi til og talsvert nýta sér þann kost til heimanáms og samveru.

Kennslustofur nemenda eru heimastofur hvers bekkjar. Þær eru rúmgóðar (74m²) og búnar góðum skrifborðum og þægilegum stólum sem nemendur geta stillt eftir þörfum. Kennarar hafa tölvur og skjávarpa til afnota í öllum kennslustofum. Í öllum kennslustofum er að finna hljóðkerfi sem stjórnendur segja að dragi mjög úr álagi á rödd kennara og geri nemendum auðveldara að fylgjast með kennslu þeirra.

Raungreinastofa er vel útbúin og þar er að finna nauðsynleg tæki og búnað til raungreinakennslu. Raungreinakennari er mjög sáttur við aðstöðu sína til kennslu.

Vinnuherbergi kennara er bjart og sæmilega rúmgott og þar er að finna smá horn þar sem kennarar geta fundað með nemendum sínum. Kennarar töldu aðstöðu sína til vinnu almennt góða. Kaffistofa starfsmanna er á efri hæð húsnæðis og er notaleg.

Ekkert bókasafn er til staðar í skólanum. Kennarar og nemendur hafa aðgang að einhverjum handbókum en að öðru leyti þurfa nemendur og kennarar að leita annað. Skólinn hefur gert samkomulag við Sólheimaútibú Borgarbókasafns um aðgang nemenda

og greiðir fyrir afnot þeirra svo og kennara að safninu. Kennarar sem rætt var við töldu nemendur lítið nota það safn og í raun ekki hægt að segja að samningur væri í gildi þó að kostnaður af bókasafnskortum væri greiddur af skóla.

Skólinn hefur enga aðstöðu til íþróttar en hefur gert samning við líkamsræktarstöðina Hreyfingu sem staðsett er í nágrenni skólan um íþróttakennsluna. Nemendur sækja tíma í Hreyfingu tvisvar í viku og þar taka á móti þeim íþróttakennarar sem skrá mætingu og sjá um að leiðbeina nemendum annars vegar í hóptímum og hins vegar í tækjasal.

Þráðlaust Internet er til staðar í húsnæði skólans en kvartað er yfir lélegu netsambandi sem þó hefur skánað vegna nýrrar ljósleiðaratengingar. Skólinn notast við tölvukerfið Myschool. Á innra neti skólans er að finna allar kennsluáætlanir áfanga og þar leggja kennarar inn frekari verkefni, skrá einkunnir og mætingu og gefa fyrirmæli til nemenda. Nemendur skila inn verkefnum sínum í Myschool. Skólastjórendur gera skýrar kröfur til þess að kennarar nýti vel námsumsjónarkerfið og fylgst er með því að svo sé gert.

Ein af inntökukröfum skólans er að nemendur hafi aðgang að tölvu til að nota við heimanám auk þess sem æskilegt er talið að nemendur hafi fartölvu til afnota í skólanum. Í einstaka námskeiðum er nemendum gert að hafa með sér fartölvu. Í viðræðum við kennara og nemendur kom fram að mjög skiptar skoðanir væru á meðal kennara um gildi fartölvunotkunar og að settar hefðu verið reglur sem bönnuðu nemendum að nota þær fyrir hádegi. Þetta segja nemendur í nemendakönnun að geri þeim erfitt fyrir um heimanám. Í viðtölum sögðu sumir kennarar vilja spyrna við fótum og banna nemendum að nota tölvur í tímum á meðan aðrir töldu notkun þeirra mikilvæga í kennslu sinna greina. Nemendur hafa aðgang að tölvum í raungreinastofu.

Nýlega var ákveðið að meina nemendum aðgangi að facebook og msn. Á heimsíðu skólans er að finna skýrar og skilmerkilegar reglur um tölvunotkun og viðlög við misnotkun á tölvuneti skóla.

3.3 Stjórnun og rekstur

Skólastjórn

Stjórn skólans skipa auk skólastjóra skólastjórn en ekki skólanefnd og er hún skipuð utanaðkomandi aðilum en fulltrúi foreldra situr fundi svo og fulltrúar nemenda. Pétur Björn Pétursson er formaður skólastjórnar. Kennarar eiga áheyrnafulltrúa í stjórn skólans. Að sögn skólastjóra er skólastjórn er ekki mjög virk. Hún kemur samkvæmt skólastjóra „að svona mótun á starfinu á ákveðinn hátt”. Fyrirkomulagið þannig að skólastjóri leggur fram ákveðna hugmyndir og stjórnin samþykkir þær. Íviðtölum við suma kennara kom fram gagnrýni á þetta fyrirkomulag og töldu þeir skólastjóra vera of einráðan og skólanefnd alls ekki virka sem slíka.

Athyglisvert er að í fyrri úttekt á skólanum frá 2005 (bls.28) er sagt að við skólann starfi **skólaráð** sem sé skipað fulltrúum kennara, nemenda og aðstoðarmanni skólastjóra.

Í byrjum maí 2010 þegar úttekt stóð yfir var hins vegar verið að stofna skólaráð samkvæmt lögum um framhaldsskóla og fyrsti fundur hafði verið boðaður. Formaður skólaráðs er skólastjóri en þar munu sitja auk skólastjórnenda, tveir fulltrúar kennara og varamaður kennara auk fulltrúa nemenda. Fulltrúi kennara er valinn af kennarahópi og nemendafélag velur fulltrúa nemenda. Ætlað er að skólaráðið verði með fastan fundartíma á þriðjudögum í fjórðu viku hvernar lotu. Skólastjóri sér fyrir sér að aðalverkefni nefndarinnar verði að sinna málefnum sem snúa að nemendum og því reynt að finna tíma þegar loturnar eru komnar vel á veg.

Aðstoðarskólastjóri er Jóhanna Magnúsdóttir. Hún er staðgengill skólstjóra og gengur í hans störf þegar hann er ekki við fyrir utan fjármálin sem skólastjóri hefur alfarið á sinni könnu. Hlutverk aðstoðarskólastjóra er að annast daglega stjórn skólans eins og hún snýr að starfsmönnum, kennurum og nemendum. Þá hefur mikið verið til hennar leitað eigi nemendur og starfsmenn í vanda einkum í fjarveru námsráðgjafa.

Meðan á úttekt skólans stóð lagði aðstoðarskólastjóri inn uppsögn vegna samstarfsörðugleika við skólastjóra og tíðrar fjarveru hans sem þýddi að hún þurfti að eigin sögn að gegna tvöföldu starfi stundum vikum saman. Þetta álag var staðfest af öðrum viðmælendum. „Hún er sú sem sú sem allir leita til” segja nemendur.

Engir brautastjórar, deildarstjórar eða fagstjórar eru við skólann enda yfirleitt einn kennari í hverri grein. Kennarar létu í ljós óánægju yfir að þeir þurfi að sinna hluta þeirra verka sem fagstjórar sinna svo sem pantanir á námsefni án þess að fyrir það kæmi umbun. Engir

umsjónarkennarar eru með nemendum heldur kemur sú umsýsla til námsráðgjafa og kom fram ábening frá kennurum um að slíkt væri bagalegt.

Foreldraráð

Við skólann starfar foreldraráð sem skipað er til tveggja ára. Ráðið skipa 3 fulltrúar og varamaður sem er virkur. Hvert foreldri situr eðlilega bara í tvö ár í senn og það er skipulagt þannig að foreldrar nýnema komist inn til að skapa samfellu.

Foreldrum finnst yfirleitt vel tekið í þeirra ábendingar og að skólastjóri taki mark á orðum foreldra. Nefndi fulltrúinn sem dæmi óánægju foreldraráðs með afgreiðslu skólastjóra á mætingarvanda en þær ákvarðanir þóttu bera vott um geðþótta þar sem reglur og viðurlög hefðu ekki verið nemendum skýr. Brugðist hefði verið hratt við ábendingum og skólareglur gerðar aðgengilegar með því að setja þær á heimasíðu skólans

Foreldrum finnst námið dýrt og gera því miklar kröfur til skólans. Þeim finnst óþægilegt hversu lítið skólastjóri er við og því geti tekið langan tíma að fá úrlausnir. Öll smámál leysi aðstoðarskólastjóri strax og vel.

Stjórnun – sýn kennara

Fulltrúar kennara telja að skólastjórnun gangi ekki sem skyldi og stjórnkerfi skólans sé meingalla. Skólastjóri er einn eigandi skólans og kennarar hafi þar enga aðkomu. Vinir og vandamenn skólastjóra myndi stjórn skólans. Fulltrúar kennara voru mjög óánægðir með mikla fjarveru skólastjóra í vetur og telja hana og afskiptaleysi skólastjóra hamla eðlilegu skólastarfi og hafa neikvæð áhrif á andrúmsloftið. Hann hafi verið mikið fjarverandi og mjög afskiptalaus.

Mikil óánægja er meðal kennara með launamál, launleynd ríkir og kennarar telja að þeir fái hugsanlega ekki það sem þeim ber. Kennarafélag var stofnað á síðasta ári og skipa þrjár kennarar stjórn þess. Þeir telja sig fá lítil svör hjá skólastjóra varðandi launamál. Kennarar eru ekki í Kennarasambandi Íslands en hyggjast sækja um inngöngu og hafa látið skólastjóra vita af þeirri ætlan sinni. Ekki ríkir alger einhugur um þessi efni meðal kennara. Skólastjóri er mjög ósáttur við inngöngu kennara í KÍ enda segist hann hafa slæma reynslu af samskiptum sínum við það stéttafélag frá stofnárnum skólans.

Nemendafélag

Nemendafélag er starfandi við skólann en stjórn þess skipa fjórir nemendur, tveir af fyrra ári og tveir af seinna ári. Nemendur munu eiga fulltrúa í nýskipuðu skólaráði. Félagið skipuleggur og stjórnar félagslíf. Þeir funda auk þess vikulega með námsráðgjafa (sjá kafla 3.6 um félagslíf nemenda).

Stoðþjónusta

Vegna kröfu um mikla námsframvindu er komið til móts við nemendur með stoðþjónustu, námsráðgjöf, yfirsetu yfir heimanámi og föstum viðtalstímum kennara þá tvo daga sem ekki er kennt.

Námsráðgjöf

Við skólan starfar námsráðgjafi í hálfri stöðu en gegnir auk 15% félagslífs og forvarnarfulltrúi. Sjá frekari umræðu um störf námsráðgjafa í kafla 3.7.

Skólafulltrúar eða yfirsetufólk

Á þeim tveim dögum í viku sem ætlaðir eru til heimanáms sitja nemendur í stofum og vinna og yfir þeim situr yfirsetufólk. Þeim er fyrst og fremst ætlað að sjá til þess að það sé vinnufriður og fylgjast með mætingu. Flestir yfirsetumanns eru skólafólk sem komið er á eftirlaun og hefur mikla reynslu í að umgangast unglinga. Yfirsetufólk tekur ekki þátt í kennarafundum og hlutverk þeirra er ekki að taka þátt í kennslunni en þau liðsinna nemendum ef þeir leita eftir því og þeir telja sig þess umkomna. Yfirsetufólk telur að þau gætu miðlað gagnlegum upplýsingum til kennara og gagnkvæmt en það vantar flæði á milli þessara aðila. Þeir telja enn fremur bagalegt að ekki skuli vera umsjónakennari með hverjum hópi.

Sjá frekari umræðu um störf yfirsetufólks í kafla 3.7.

Stoðkennsla

Auk fastra viðtalstíma kennara er einnig boðið um á stoðtíma. Á þetta einkum við um stærðfræði. Auk kennara koma nemendur úr Háskóla Íslands og aðstoða nemendur á heimanámsdögum þegar að eftirspurn eftir aðstoð stærðfræðikennara er alltaf mikil.

Skólareglur

Á heimsíðu skólans er birtar ítarlegur skólareglur. Þar er að finna reglur um:

- Útskrift frá Menntaskólanum Hraðbraut
- Mætingar og skólasókn
- Próf og aukapróf,
- Umsóknir á síðara námsár
- Tölvunotkun
- Um próflausa áfanga og símatsáfanga
- Tóbaksnotkun og viðurlög við brotum á þeim

Þessar reglur eru skýrar og afdráttarlausar og aðgengilegar öllum, starfsfólki, nemendum og aðstandendum þeirra.

Upplýsingamiðlun

Þó að skólinn sé smár kemur þó víða fram í viðtölum að bæta þurfi upplýsingaflæði innan skólans og er þá átt við milli skólastjóra og kennara, milli kennara og yfirsetumann og milli kennara innbyrðis.

Skólanámskrá

Skólanámskrá skólans er eingöngu sett fram á heimasíðu hans. Þar er að finna almennar upplýsingar um skólann, stjórnun hans og húsnæði, starfsmenn og þá þjónustu sem nemendum stendur til boða. Þar eru sett fram inntökuskilyrði, reglur um námsframvindu, námsmat og skóladagatal. Á heimasíðu er einnig að finna upplýsingar um námsskipulag og sérstöðu skólans, námsframboð og lýsingar á einstökum áföngum. Undir liðnum eða tenglinum skólareglur er að finna reglur um útskrift frá skólanum, reglur um mættin, skólasókn, námsframvindu á milli ára, tölvunotkun og tókabaksreykingar. Þá er að finna upplýsingar um foreldraráð skólans og tengil á heimasíðu nemendafélags.

Upplýsingar á heimasíðu eru yfirleitt skýrar og aðgengilegar en bæta mætti í skólanámskrá (heimasíðu) upplýsingum um stefnu skólans svo og gæðamatskerfi hans.

3.4. Nám og kennsla

Eins og áður hefur komið fram er skipulag skólans með öðrum hætti en tíðkast við framhaldsskóla hér á landi og því erfitt að bera saman við aðra skóla. Á heimsíðu er skólinn sagður blanda af áfangakerfi og bekkjarkerfi. Nemendum er skipt niður í hópa eftir bakgrunni. Saman í hóp eru annars vegna nemendur sem koma beint úr grunnskóla og hins vegar nemendur sem eru eldri og koma úr öðrum framhaldsskólum eða af vinnumarkaði. Námið er svo byggt upp í áföngum sem er skipt niður í lotur eins og fyrr segir.

Kennt er 3 daga í viku frá 8:30 - 16:05, klukkustund í senn. Hina tvo dagana vinna nemendur námsvinnu og hafa viðveruskyldu eins og um skóladag væri að ræða. Nemendur sitja þá í stofum og yfir þeim sitja eftirlitsaðilar til að tryggja vinnufrið. Kennarar skólans bjóða einnig fram hjálp þessa daga og er oft kallað til aðstoðarfólk einkum í stærðfræði og eru það þá nemendur úr háskóla. Í hverri lotu eru kenndar þrjár námsgreinar og lýsa nemendur yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Mikil ánægja kom fram hjá nemendum almennt með kennslu- og námsfyrirkomulag skólans og töldu þeir það hafa marga kosti. „[Þú]lærir að

skipuleggja þig vel og kemur vel undirbúinn í nám[framhaldsnám]. Þú ert ekki að hangsa neitt og þetta er krefjandi”.

Kennsluáætlanir og kennsla

Nemendur fá í upphafi hvorrar lotu mjög nákvæmar kennsluáætlanir og lögðu allir viðmælendur áherslu á að það væri mjög mikilvægt í slíku kerfi og einnig að þeim væri fylgt mjög nákvæmlega. Mikilvægt væri að gefa nemendum forsendur verkefna þar sem mikill hraði væri á yfirferð og mikil áhersla á sjálf nám.

Matsaðilar fengu úthlutað sýnishorni af áætlunum í ensku 303 og íslensku 203.

Athygli vekur að framsetning kennsluáætlana í áföngunum eru ekki samræmdar og væri æskilegt væri að kennarar kæmu sér saman um samræmda framsetningu og sett væru fram skýr námsmarkmið.

Íslenskuáfanginn hefst á áfangalýsingu þar sem rætt er um að hvaða þættir verði teknir fyrir og að þeir séu mikilvægir og muni nýtast nemendum en þar eru engin markmið sett fram. Í ensku er hins vegar engin áfangalýsing en byrjað á að tíunda lesefni og síðan fari í markmiðssetningu sem er mjög skýr en áhersla á hvað nemendur eiga að gera í áfanganum en ekki hvað þeir eiga að geta gert að áfanga loknum (námsmarkmið).

Íslenskuáfanginn er “sitt lítið af hverju” bragfræði, setningafræði, stafsetning, málsaga og ritun og svo er farið á sýningu Þjóleikhússins á Gerplu án þess að sjáist að um hana sé fjallað en 10% mats eru spurningar um *leikritið*. Hér virðist vera dæmi um sjálf nám sem allir kennarar sögðu að væri óhjákvæmilegt í þessu kerfi en töldu það ekki endilega ókost og byggir nemendur jafnvel betur undir háskólanám. Yfirlit um námsmat sýnir að prófað er úr öllum námsþáttum en námsmat virðist samkvæmt þessari lýsingu vera einhæft, fyrst og fremst skrifleg próf. Hér er augljóslega ekki byggt á hugmyndum um heildstæða móðurmálskennslu.

Áherslan í ensku 303 er á málfræði og bókmenntir og munnlega færni. Markmið eru skýr og námsmat nokkuð fjölbreytt og virðist í samræmi við markmið. Ekki kemur fram að unnið sé með ritum eða skilning talaðs máls sérstaklega eða þeir þættir metnir. Hið snarpa lotukerfi býður varla upp á að unnið sé með samspil færniþáttanna í hverri lotu en slíkt samræmist þó illa helstu kenningum um tungumálnám og kennslu. Skipting sem hér kemur fram er þó ekki einhlít fyrir þennan skóla. Sama gildir um inntak það er mjög í samræmi við námsefni í öðrum framhaldsskólum, mikil áhersla á bókmenntalestur. Kennari leggur áherslu á að hún noti fjölbreyttar kennsluáferðir og nefnir dæmi máli sínu til stuðnings. Svo virðist sem nemendur

beri alfarið ábyrgð á að lesa og útbúa kynningarefni úr valbók (sem ekki er óalgengt). Ekki er verið að nota Evrópsku tungumálmöppuna.

Ekki verður alhæft um kennslu út frá þessum tveimur dæmum. En ljóst er að yfirferð er mjög hröð og fékkst það staðfest hjá kennurum. Það má spyrja hvort yfirferð á Njálu á þremur dögum geti skilað mikill dýpt og markmiðið með að taka fyrir slíkt bókmenntaverks með ungmennum náist.

Kennarar sem rætt var við töldu að endurskoða þyrfti niðurröðum áfanga í lotur þannig að ekki væri verið að kenna saman áfanga þar sem álag vegna yfirferðar væri mest svo sem að lesa Njálu og Shakespeare leikrit í sömu lotunni. Sem dæmi um gæði og metnað bentu sumir kennarar á notkun líffræðibókar sem er þykkur doðrantur á ensku. Hjá öðrum viðmælendum kom fram að nemendur ættu í miklum erfiðleikum með að komast í gegnum þessa bók og vekur það upp spurningu um hvort nemendur geta tileiknað sér efni hennar nægjanlega vel og hvað sé gert til að hjálpa þeim til þess.

Það má vera ljóst að það er talsverð áskorun fyrir kennara að ástunda fjölbreytta kennsluhætti vegna hraða í yfirferð og í nemendakönnun er þetta sá þáttur sem nemendum finnst slakastur. Í viðtölum við kennara kom fram að þessi vandi væri fyrir hendi en þeir reyndu eftir bestu getu að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum en þó ekki í eins ríku mæli og þeir helst kysu. Einnig má leiða á því líkum að vegna hraðans í yfirferð gefist minni tími til gerjunar hugmynda og íhugunar á því námsefni sem verið er að kynna nemendum sem er ein forsenda djúpnáms (e. deep learning) og verði of mikið yfirborðsnám (e. surface learning). En á móti kemur að nemendum er falin mun meiri ábyrgð á eigin námi sem ætti að koma sér vel í háskólanámi og eins og einn viðmælenda orðaði það “það er ekki alltaf verið að kenna þeim, þeir fá frið til að læra”.

Það er niðurstaða okkar að kennslufyrirkomulag skólans feli í sér kosti og galla.

Það gerir mjög miklar kröfur til bæði kennara og nemenda. Kröfur til kennara um samvinnu (meiri en nú er), um skýrt skipulag sem er til staðar og skýr námsmarkmið (sem þarf að vinna betur) og mikla kennslufræðipækkingu og hugkvæmni til að koma til móts við fjölbreyttan hóp nemenda. Það gerir einnig miklar kröfur til nemenda um sjálfsaga og sjálfstæði í námi og að þeir hafi sett sér skýr markmið. Þeir venjast á að hjálpast að, vinna saman í hópum eftir skóla til að takast á við álagið og þannig læra þeir hver af öðrum sem ætti að dýpka skilning á viðfangsefninu. Á sama tíma veitir hinn skýri rammi þeim mikið aðhald eða eins og einn

nemandi sem var búin að reyna fyrir sér í öðrum skóla orðaði það: ”Ég bara flosnaði upp úr skóla af því að hann var ekki nógu krefjandi og ekki nógu mikið aðhald”.

3.5. Skólaþróun og mat á gæðum skólastarfs

Skólaþróun

Við menntaskólann Hraðbraut starfa nú 10 fastráðnir kennarar. Sex þeirra eru framhaldsskólakennarar en fjórir leiðbeinendur án kennsluréttinda. Vegna smæðar skólans er aðeins einn fagkennari á hverju sviði (utan stærðfræði) og ber hver og einn þeirra ábyrgð á kennslu og þróun kennslu sinnar greinar og hafa því ekki möguleika á faglegu samstafi innan skólans. Þeir kennarar sem rætt var við voru ekki í formlegu faglegu samstarfi við kennara annarra skóla. En slíkt væri þó æskilegt.

Engin sérstök skólaþróunarverkefni eru skipulögð eða í vinnslu innan skólans en kennarar hafa þó prófað að samþætta áfanga og hafa samstarf um ákveðin atriði kennslu eins og t.d. heimildavinnu.

Vegna fyrirkomulags kennslu og stífra tímaáætlana er erfitt fyrir kennara að sækja sér endurmenntun í formi námskeiða og viðmælendur töldu sig almennt ekki hvatta til slíks af skólastjóra. Það væri þó fremur hinn stífi rammi skólastarfs sem þar væri orsakavaldurinn. Hins vegar benti einn viðmælandi á að samningar kennara við skólastjórn væru að batna og að skólinn væri farinn að greiða fyrir kaup á bókum, tímaritum og blöðum sem kennara teldu sig þurfa til að halda sér við í starfi.

Innan skólans hefur ekkert verið unnið að breytingum á námskrá í samræmi við ný lög um framhaldsskóla en í lok úttektar var boðað til fundar skólastjórnenda og fulltrúa kennara til að huga að endurskoðun námskrár. Skólastjóri hefur gert samning við ráðuneyti um þróun námskrár en vill bíða eftir niðurstöðum tilraunaskóla áður en haldið er af stað í frekari þróunarvinnu. Hann kvaðst sjálfur hafa setið fundi á vegum ráðuneytis en taldi kennara skólans hafa litla innsýn í námskrárumræðuna.

Innra mat á gæðum skóla

Samkvæmt 41. grein framhaldsskólalaga eiga framhaldsskólar að meta árangur og gæði skólastarfs með kerfisbundnum hætti. Skólastjóri taldi að sjálfsmat skólans hefði hugsanlega

ekki verið nægilega skipulagt undanfarin ár en engu síður væri ýmislegt gert innan skólans til að meta gæði starfsins.

Við Hraðbraut starfar sjálfsmatsstjóri sem hefur umsjón með sjálfsmati skóla. Sjálfsmatsstjóri er kennari við skólann en fær greitt sérstaklega fyrir vinnu vegna sjálfsmats. Sjálfsmatsstjóri hefur umsjón með kennslukönnunum og viðhorfakönnunum sem lagðar eru fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Í ár var tekið í notkun nýtt könnunarkerfi (SurveyMoneky) sem gerir matsstjóra auðveldar að stýra aðgangi nemenda að könnunum.

Kennslukannanir

Kennslukannanir hafa verið lagðar fyrir nemendur um nokkurra ára skeið, 4-5 sinnum á vetri til að kanna afstöðu þeirra til ýmissa þátta skólastarfsins. Í þessum könnunum gefst nemendum m.a. tækifæri til að leggja mat á þá kennara sem eru að kenna í þeim lotum sem nemendur sitja um þær mundir. Í könnuninni er spurt um viðhorf nemenda til námsefnis, þekkingar kennara á námsefni, skipulag og framsetningu kennara, notkun kennara á upplýsingatækni og fjölbreytni kennsluáferða, hversu vel kennarar fylgja kennsluáætlunum og hversu góða aðstoð hann veitir nemendum. Þá geta nemendur sett inn athugasemdir við einstaka þætti könnunar.

Kennarakönnun

Auk kennslukannana hefur í vetur kennarakönnun verið lögð fyrir kennara skólans þar sem annars vegar er safnað upplýsingum um menntun og kennslureynslu og hins vegar könnuð viðhorf kennara til ýmissa þátta skólastarfs s.s. aðstöðu til kennslu, umgengni um húsnæði skólans, reykningar, samvinnu starfsmanna, kennarafundi, starfsanda meðal nemenda og meðal kennara og samskipti nemenda og kennara svo og kennara og stjórenda og almennt um líðan á vinnustað.

Nemendakönnun

Nemendakönnun var lögð fyrir í mars 2010 þar sem könnuð voru viðhorf nemenda til ýmissa þátta skólastarfs s.s. hvernig þeir nýta sér kennsluáætlanir og upplýsingaveitur skólans, viðtalstíma, vinnudaga og kennslustundir. Þá er spurt um líðan, félagslíf nemenda, íþróttaaðstöðu, kennsluskipulag, námsmat, námsefni, samskipti við kennara, skólastjórnendur og annað starfsfólk.

Úrvinnsla kannana er í höndum sjálfsmatsstjóra. Skólastjóri segir niðurstöður kennslukannan nýttar jafnóðum til að bæta gæði skólastarfs og þannig eru þeir kennarar sem fá ábendingar um að eitthvað mætti betur fara allir kallaðir í viðtal við skólastjóra þar sem úrræði og viðbrögð eru rædd. Kennarar sem koma vel út úr könnunum eru ekki kallaðir til viðtals. Skólastjóri hefur látið kennara fara sem ekki koma vel út úr slíkum könnunum. Þar sem sjálfsmatskerfi skólans er frekar nýtt er erfitt að meta áhrif þess á árangur og gæði skólastarfs.

Óformlegt mat á gæðum

Í viðtölum við kennara, stjórendur og nemendur kom ítrekað fram að vegna smæðar skólans eru samskipti nemenda við kennara og stjórendur auðveld. Bæði kennarar og stjórendur bentu á að það væri auðvelt fyrir nemendur að koma kvörtunum eða ábendingum á framfæri og nemendur tóku undir það sjónarmið. Á þennan óformlega máta væri því stöðugt gæðamat í gangi. Aðstoðarskólameistari fundar að auki reglulega með nemendum á heiðursmannalista skólans og þar koma fram sjónarmið nemenda um skólastarfið og þá hafa stjórendur fundað með nemendafélaginu.

Foreldraráð starfar við skólann og hefur sett fram ýmsar ábendingar og tillögur um það sem betur mætti fara. Í viðtali við fulltrúa foreldrafélags kom fram að vel væri tekið tillit til ábendinga ráðsins og bætt væri úr því sem betur mætti fara (sjá frekar um störf foreldraráðs í kafla 3.3).

Á vegum skólans hafa ekki verið gerðar neinar skipulagðar kannanir á afdrifum nemenda sem útskrifast hafa út skólanum undanfarin ár utan að símakönnun var gerð fyrir einhverjum árum. Kennarar og skólastjórendur sögðust þó oft hitta á nemendur sína og að þeir kæmu í heimsókn í skólann og ræddu þá gjarnan gæði skólastarfsins.

3.6. Nemendur í Hraðbraut

Fjöldi nemenda og brottfall

Samkvæmt upplýsingum skólastjóra stunda nú á vori 2010 158 nemendur nám við Menntaskólann Hraðbraut. 104 nemendur hófu nám á fyrra ári haustið 2009 en eru nú á vormisseri 96. Á síðara námsári hófu 64 nemendur nám en eru á vormisseri 62. Meðaltalsbrottfall fyrir bæði námsárin er því 5,6% sem er mun minna en annarra framhaldsskóla. Samkvæmt þjónustusamningi Hraðarbrautar og menntamálaráðuneytis er

hámarksfjöldi nemenda þetta skólaárið 170 þannig að skólinn nær ekki að fylla upp í þann fjölda.

Ekki fengust upplýsingar um brottfall síðustu ára en í viðræðum við kennara og stjórnendur komu fram ýmsar upplýsingar um brottfall og ástæður þess. Þar var bent á að helstu orsakir brottfalls nemenda tengjast mætingarvanda þeirra og á það frekar við þá nemendur sem eldri eru. Á heimasíðu skóla koma fram reglur skólans um skólasókn og viðlög við fjarveru. Nemendur sem ekki standa sig eru boðaðir sérstaklega til skólastjóra og gefst kostur á að gera svo kallaðan mætingarsamning sem kveður á um 100 % mætingarskyldu. Í viðtölum við kennara og nemendur kom fram að þeim þótti mörgum oft of vægt tekið á mætingarvanda nemenda og að þeir höfðu áhyggjur af því orðspori skólans að þar gætu nemendur „grenjað út undanþágur“. Kennarar sögðu að það skorti á samráð milli þeirra og skólastjóra um viðurlög við mætingum og meðferð nemendamála. Þetta skipti sérstaklega máli þar sem kennarar fá launaauka fyrir þá nemendur sem ná áfanga. Fulltrúi foreldra taldi að á tímabili hefði verið mjög óljóst hvaða reglur og viðurlög væru í gildi hverju sinni þó unnið hefði verið bragarbót á.

Þá hafa komið upp tilvik þar sem misvísandi skilaboð eða samskiptaleysi stjórnenda hafði þau áhrif að færri nemendur en reiknað var með komust upp á síðara ári. Í því tilfelli höfðu nemendur á málabraut talið að þeir kæmst á milli ára án þess að taka ákveðna stærðfræðiáfangja eins og þeir töldu sig hafa vilyrði fyrir en skólastjóri ekki veitt samþykki sitt fyrir því.

Ólíkir nemendahópar

Í viðtali við skólastjóra kemur fram að upphafleg hugmynd með skóla var að skapa annars konar námsmöguleika fyrir sterka nemendur sem eru að ljúka grunnskólanámi. Þessi sýn endurspeglast í inntökukröfum skólans en til að fá inngöngu í skólann verða nemendur að hafa lokið grunnskólaprófi og hlotið sem næst 7,5 eða hærri meðaleinkunn í íslensku, ensku og stærðfræði þó einnig sé horft til annarra skólaeinkunna.

Þrátt fyrir þessa ætlan er aðeins um 50% af nemendum skólans sem kemur beint úr grunnskóla en svipaður hluti nemenda kemur úr öðrum framhaldsskólum. Þó má geta þess að um 70% nemenda í skólanum er yngri en 20 ára. Þær umsóknir sem skólanum hafa borist fyrir næsta skólaár eru í samræmi við þessa þróun þ.e. 30 umsóknir hafa borist frá nemendum í grunnskóla en 70 frá nemendum sem ekki koma beint þaðan.

Það má því segja að innan skólans sé að finna tvo ólíka nemendahópa, unga nemendur beint úr grunnskóla og eldri nemendur sem flestir hafa einhverja fyrri reynslu úr framhaldsskóla.

Yngri nemendum er af kennurum og námsráðgjafa lýst sem duglegum nemendum sem oft komi úr litlum skólum og vilji halda áfram að vera í litlum skóla. Þeir koma inn í gegnum hefðbundna umsóknarleið, sjaldan í stærri vinahópi.

Hópi eldri nemenda er lýst sem nemendum sem oft hafi farið úr einum framhaldsskóla í annan en séu nú mættir í Hraðbraut til að taka sér tak, séu einbeittir í að ljúka námi og leiti eftir þeim aga og utanumhaldi sem einkennir skólastarfið og kennsluhætti. Inntökukröfur skólans gilda ekki fyrir þennan nemendahóp heldur eru nemendur boðaðir í viðtöl og ferli þeirra og staða metin sérstaklega. Fram kom í viðtölum að hluti þessara nemenda ættu þó í basli við að standa við reglur um mætingar og tímasókn.

Hóparnir tveir eru aðskildir í kennslu á þann hátt að þeir sitja ekki í sömu bekkjum en blandast að öðru leyti saman í nemendarymi og félagslífi. Foreldrafulltrúi var mjög sáttur við þá skiptingu og taldi mikilvægt að aðgreina yngri nemendur frá þeim eldri, Nemendur bentu á að í skólanum væru alls konar nemendur og að það kæmi að sjálfu sér að hóparnir greindust að þó ekki væri nema fyrir sakir að þeir eldri hefðu bílpróf og gæti skotist í burtu í hléum.

Kennarar og aðstoðarskólastjóri lýsa ánægju sinni með eldri hóp nemenda og telja skólann afar góðan valkost fyrir þann hóp og koma þar á mótis við þörf í samfélaginu. Fram kemur þó í viðtölum að sá hópur sé ekki markhópur skólastjóra sem vill síður taka inn nemendur úr þeim hópi.

Félagslíf nemenda

Við skólann starfar nemendafélag sem heitir Autobahn og sitja í stjórn þess fulltrúar af báðum námsárum. Námsráðgjafi gegnir stöðu félagslífs- og forvarnarfulltrúa (15% starf) og fundar reglulega með nemendaráði.

Í viðtölum við nemendur og stjórnendur kemur fram að erfitt hafi verið að halda úti öflugum félagslífi innan skólans. Þar kemur til smæð skólans, breidd nemendahópsins og stuttur námstími. Nemendur og kennarar voru sammála því að félagslífið stæði þó með blóma í vetur og þökkudu það góðu starfi sitjandi stjórnar og formanns. Nemendur segja að erfitt sé að finna viðburði sem henti breiðum nemendahópi og vegna smæðar sé ekki hægt að gera það sama í

Hraðbraut og stærri framhaldsskólum en nefndu svo dæmi um ýmsar uppákomur og skemmtanir sem nemendafélagið hefur staðið fyrir í vetur s.s. tölvuhelgar, stelpukvöld, bíókvöld og þemadaga. Ýmsar fastar hefðir hafa unnið sér sess í skólastarfinu eins og árshátíð nemenda, síðasta kvöldmáltíðin (sem er kvöldverður kennara og stúdentsefna) og dimmitering. Þá sögðu nemendur síðustu lotu lífsleikni áfanga m.a. nýttan til að fara saman í óvissuferð. Í síðustu nemendakönnun kom fram að 75% nemenda taldi skólann styðja mjög vel eða vel við félagslíf nemenda og mjög skiptar skoðanir voru á því hvort félagslífið ætti að vera virkara eða ekki. Þar benda nemendur á að vegna smæðar skólans sé ákveðið félagslíf falið í daglegri samveru nemenda og samveru þeirra á kvöldin í skólanum þó sú samvera sé ekki formlega skipulögð.

Viðhorf nemenda til skólans

Nemendur sem rætt var við voru mjög jákvæðir í garð skólans og stoltir af honum. Þau sögðu skólann metnaðarfullan og að kennsla og námsfyrirkomulag gerði miklar kröfur til þeirra sem nemenda. Þau töldu sérstöðu skólans annars vegar vera smæð hans og hins vegar kennslukerfið eða lotukerfið og voru mjög ánægð með hvort tveggja.

Smæð skólans gerir það að verkum að allir kynnast fljótt og vel og vinna mikið saman. Þau nefndu sem dæmi að yngri nemendur fengju gjarnan aðstoð eldri nemenda í stærðfræði og ynnu saman í hópum í húsnæði skólans eftir að kennslu lýkur á daginn. Smæð skólans gerir þannig öll samskipti persónuleg og einföld og aðgengi að kennurum væri t.d. alltaf mjög gott. Þau nefndu líka að upphafsáfangi í lífsleikni væri nýttur til að hrista saman hópinn og að það væri góður kostur. Nemendur könnuðust ekki við einelti og töldu samskipti nemenda yfirleitt mjög góð og er það staðfest í nemendakönnun á vormisseri 2010 þar sem 97% nemenda segist líða vel í skólanum.

Nemendur voru ánægðir með kennsluhætti í skólanum og segja að það geri miklar kröfur til nemenda um vinnu. Hér þurfi að vinna vel og hafa metnað fyrir náminu ef árangur á að nást. Lotukerfið gerir þær kröfur að þei vinni jafnt og þétt til að ná prófum í prófavíku. Stundum er námsefnið erfitt og nemendur töldu að um 25% nemenda þyrfti að nýta sér upptökuvíku. Það gæti hins vegar verið mjög erfitt að fá ekki frívíku í lengri tíma.

Til að halda nemendum við efnið eru skýrar og strangar mætingareglur. Nemendur segja að þær og viðurlög við brotum séu skýr. Það er ekki fyrir alla að fylgja svo ströngum reglum og þeir sem ekki standa sig þurfa að fara á sérstakan samning þar sem gerð er krafa um 100%

mætingu. Þau segja að nemendur sem koma beint úr grunnskóla séu mun samviskusamari við mætingar en þau sem eldri eru og það séu helst að eldri nemendur sem falli á mætingu og hverfi frá námi.

Lotukerfið gefur nemendum lítið svigrúm til annars en náms að deginum en þó sögðu nemendur marga samnemendur sína vinna eitthvað með námi og stunda einhverjar tólmstundir. Frívikan nýtist þó fyrst og fremst til hvíldar og undirbúnings fyrir næstu lotu þar sem félagar og vinir í öðrum skólum eru ekki í fríi á sama tíma.

Nemendur eru almennt ánægðir með kennara sína og segja þá langflesta mjög góða. Þeir séu vel skipulagðir sem skipti mestu í þessu kennslukerfi og reyni oft að gera eitthvað skemmtilegt í kennslu sinni og breyta til. Þau telja að kennarar noti ýmsar kennsluaðferðir og nemendur af málabraut eru ánægðir með að þurfa að halda nemendafyrirlestra en viðmælandi á náttúrubraut segir það ekki algenga kennsluaðferð þar. Ef eitthvað bregður út af og þau eru ósátt við kennara eða kennslu þeirra er auðvelt að koma því á framfæri í kennslukönnunum. Í kennslukönnun sem lögð var fyrir nemendur í janúar 2010 virtust nemendur almennt nokkuð sáttir við kennslu og kennsluhætti en þó síst sáttir við námsgögn, framsetningu kennara á námsefni auk þess sem þeir gáfu fjölbreytni kennsluaðferða lága einkunn.

Nemendur segja að það sé misjafnt hversu vel samnemendum gengur að nýta heimavinnutíma en í nemendakönnun vorið 2010 segjast um 75% nemenda nýta tímann vel en 70% telja aðra nemendur hins vegar ekki nýta tímann nægilega! Nemendur ljúka miklu lofi á yfirsetufólkið sem eru „eins og pabbi og mamma manns“ inni bekk og sjá til þess að þar sé góður vinnufriður. Yfirsetufólkið hefur hvert sitt lag við bekkjarstjórnun og eiga í góðu sambandi við nemendur „enda gefa þau manni ekki einkunn“ eins og nemendur segja. Jákvæð viðhorf til yfirsetufólks endurspeglast í könnun sem lögð var fyrir nemendur í janúar sl.

Nemendur sögðust leita mikið til aðstoðarskólatjóra ef eitthvað bjátaði á svo og námsráðgjafa. Til skólastjóra fara nemendur vegna „vondra mála“

3.7. Kennarar og starfsfólk

Kennarar

Við skólann starfa 10 kennarar í fullu starfi og 8 skólafulltrúar í 5 stöðugildum en að auki stundakennarar sem kenna einstaka áfanga og aðstoðarkennarar sem sjá um að leiðbeina nemendum einkum í stærðfræði á viðtalstímum. Af föstum kennurum eru 6 með kennsluréttindi og að minnsta kosti tveir kennara hafa sótt um nám í kennsluréttindum næsta skólaár. Ríflega helmingur kennara hefur bakkalárgráðu í faggrein og hinir meistara- og háskóla. Kennarar hafa flestir hverjir langa kennslureynslu úr öðrum framhaldsskólun, grunnskólum eða háskóla. Stór hluti fastráðinna kennara hefur starfað lengi við Hraðbraut og sumir frá stofnun skólans. Starfsmannavelta er lítil meðal kennara í fullu starfi en verr gengur að halda þeim kennurum sem eru í litlu starfshlutfalli og eiga því erfitt með að skuldbinda sig.

Kennarar skólans eru metnaðarfullir í starfi og bæði nemendur og skólastjórendur lýsa yfir ánægju sinni með kennslu þeirra. Kennslufyrirkomulag skólans gerir kröfur til þeirra um víðtæka fagþekkingu og að þeir geti skipulagt kennslu sína nákvæmlega. Kennarar segja að þeir þurfi að íhuga vel kennslu sína áfanga og gera nákvæmar áætlanir um hverja stund svo og að skipuleggja til hins ítrasta yfirferð námsefnis í kennslustundum og verkefnavinnu nemenda. Lítið megji út af bera innan þröngs kennsluramma og þeim sér skylt að bæta fjarveru vegna veikinda og finnst það sjálfum mikilvægt. Nemendur gefa fagþekkingu og kennsluháttum kennara sinna nokkuð góða einkunn og segja þá „langflesta mjög góða“.

Á þriðjudögum og fimmtudögum skipuleggja kennarar viðtalstíma þar sem nemendur geta mætt og fengið aðstoð við námið. Þeir segja nemendur misduglega að sækja sér aðstoð en miði kennslu sínu við þá dugmeiri og leitist svo eftir að aðstoða þá slakari í viðtalstímum.

Kennarar telja að skipulag kennslu við Hraðbraut sé ekki fyrir alla kennara. Þetta sé tarnaavinna sem gerir miklar kröfur til kennara m.a. um mikla skipulagningu, yfirferð verkefna, frumkvæði og sjálfstæði í störfum. Kennsla sé mikil þrjá daga viku og svo viðtalstímar á heimavinnudögum en á milli gefist meira frelsi. Þetta sé vinnulag sem láti þeim vel en aðrir hafi ekki fóttað sig í því og farið.

Faglega eru kennarar einyrkar þ.e. þeir eru í flestum tilfellum einu fagkennarar á hverju sviði innan skólans og hafa því lítil tækni á faglegri samvinnu. Þeir segjast beita fjölbreyttum kennsluáferðum eins og hægt er innan ramma og fara fjölbreyttar leiðir í skipulagi verkefna og námsmat. Fáir kennarar eru í samstarfi við kennara annarra skóla nema óformlega og helst

Þannig að þeir skoði kennsluáætlanir annarra. Hins vegar hafa kennarar samstarf og samvinnu um einstaka þætti náms þar sem því er hægt að koma við og nefna dæmi um samþætta valáfanga og samvinnu kennara vegna heimildavinnu nemenda. Kennarar segjast vinna sem fagstjórar í eigin fagi og bera ábyrgð á þróun þess þó sá hluti starfs þeirra sé ekki viðurkenndur til launa hjá skólastjóra og veldur það óánægju.

Kennarar sitja reglulega kennarafundi og gefst kostur á að ræða saman í vinnuaðstöðu. Þeir segja andann í kennarahópnum sérlega góðan og undir það taka stjórnendur.

Kennarar segja að vegna hins þrönga tímaramma kennslunnar geti þeir lítið sinnt endurmenntun. Þannig séu flest fagnámskeið skipulögð í júní þegar að kennslu í Hraðbraut er ekki enn lokið. Þeir segjast ekkert sérstaklega hvattir til endurmenntunar af skólastjóra en benda á að hann greiði götu þeirra varðandi kaup á tímaritum og bókum.

Kennarar lýsa samskiptum sínum við nemendur sem mjög jákvæðum og segja smæð skólans gera sér auðveldara um vik að fylgjast með námsþróun nemenda. Aðgengi nemenda að kennurum er gott og kennarar virðast tilbúnir að veita nemendum hjálparhönd innan hefðbundins skólatíma sem og utan.

Yfirsetufólk eða skólafulltrúar

Við Hraðbraut starfa 8 skólafulltrúar sem hafa umsjón með nemendum á þriðjudögum og fimmtudögum. Hlutverk þeirra er fyrst og fremst að gæta þess að vinnufriður sé innan bekkjar og veita nemendum ákveðið aðhald við vinnu. Almenn ánægja ríkir með störf yfirsetufólks meðal kennara, stjórenda og ekki síst nemenda sem segja þetta ígildi foreldra sinna og haldi uppi nauðsynlegum aga.

Námsráðgjafi

Við Hraðbraut starfar námsráðgjafi í 50% stöðu en er að auki í 15% stöðu sem félagslífs- og forvarnarfulltrúi. Námsráðgjafinn er nýlega tekinn til starfa og leysti af annan sem látinn var fara. Hlutverk námsráðgjafa er að aðstoða nemendur við að skipuleggja nám sitt, veita nemendum leiðbeiningar um nám og framtíðarmöguleika, fylgjast með mætingum nemenda og ræða við nemendur sem eiga í persónulegum erfiðleikum. Að auki hefur námsráðgjafi staðið fyrir stuttum námskeiðum um prófkvíða og skipulagningu í námi. Allnokkur hópur nemenda er með greiningu og fá þá lengri prótíma. Ekkert umsjónakennarakerfi er í skólanum og fellur það í hlut námsráðgjafa að sinna því hlutverki.

(Sjá frekar um námsráðgjafa í kafla 3.3).

Sjálfsmatsstjóri og vefstjórn

Umsjón með sjálfmati skóla er í höndum sjálfsmatsstjóra sem fær greidda ákveðna tíma fyrir umsjónina. Sjálfsmatsstjóri hefur starfað frá lokum síðasta árs og hefur umsjón með gerð og úrvinnslu ýmissa kannana (sjá kafla 3.5).

Umsjón með vefsíðu fellur líka í hlut sjálfsmatsstjóra.

3.8 Ólík viðhorf og væntingar

Þegar að úttektin var gerð ríkti augljóslega talsver togsteita á milli skólastóra og hluta starfsmanna og litur sá ágreiningur án efa þau viðhorf og væntingar sem settar hafa verið fram hér að framan. Hafa verður í huga að hér er verið að gera úttekt á einkaskóla en ekki skóla í eigu hins opinbera. Einkaskóli hlýtur að byggja á hugmyndafræði eigenda og um hann geta með réttu gilt talsvert önnur lögmál varðandi ráðningar og starfshætti en hjá skólum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í reglugerð við 12. grein laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla er tekið fram „að laun og önnur starfskjör starfsfólks séu ekki lakari en stéttafélög og viðsemjendur þeirra semja um í kjarasamningum í þeirri starfsgrein sem samningurinn tekur til, sbr. 1. Grein laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.“ Að öðru leyti er stjórnendum skólans í sjálfsvald sett hvernig samning þeir gera.

Ósætti kennara snýr bæði að launakröfum og áhrifum eða áhrifaleysi þeirra í stjórnun skóla. Sem einkaskóli er Hraðbraut eðli málsins rekinn í samræmi við stefnu og hugmyndir eigenda skólans og þegar starfsmaður ræður sig við einkaskóla gerir hann saming við skólann en ekki ríki eða sveitafélag. Í viðtölum kvarta sumir kennarar yfir því að þeir sinni ýmsum faglegum þáttum kennarastarfs s.s. deildarstjórn eða fagstjórn sem ekki eru metnir til launa. Þeir hafa því í vetur viljað bæta stöðu sína, bundist samtökum og stofnað formlegt kennarafélag innan skólans. Þeir hafa jafnframt tilkynnt skólastjóra að þeir hyggist sækja um aðild að stéttarfélagi kennara. Ósætti skólastjóra við inngöngu kennara í stéttarfélag skýrir hann með tilvísun í erfiða reynslu sína af samstarfi við stéttarfélagið en ekki síður að sérstaða skólans muni verða erfið þegar fjallað verður um kaup og kjör innan félagsins.

Kennarar skólans eru ekki samstíga í baráttu sinni og innan kennarahópsins er að finna aðrar raddir sem telja að upphlaupið í vetur megi fyrst og fremst rekja til ákveðinna kennara.

Óánægja kennara snýr ekki síður að því sem þeir upplifa sem takmarkaða aðild sína að málefnum skólans. Þeir benda á að þeir eigi einungis áheyrarfulltrúa í skólanefnd sem sé þar að auk áhrifalítil um faglegt starf skóla. Þeir benda á að skólaráð hafi ekki verið starfrækt og þeir segja skólastjóra taka ákvarðanir t.d. um málefni nemenda án samstarfs við þá. Þeir gagnrýna miklar fjarvistir skólastjóra yfir vetrarmánuðina og segja að skólann skorti hreinlega faglega forystu. Sumir viðmælendur bentu á að slík forysta væri nauðsynleg til að skólinn og starfsmenn hans héldi áfram að þróast faglega.

Kennarar óska eftir meira samráði og óska eftir að hafa meira að segja um stjórn skólans en þar sem um einkaskóla er að ræða er það ekki sjálfgefið. Kennarar kvarta yfir launaleynd og að skólastjóri óski eftir að þeir gangi ekki í stéttarfélag. Kennarar hljóta við upphaf starfsins að hafa gert einstaklingsamning þar sem samið var um launaleynd og að ganga ekki í stéttarfélag. Staða kennara við einkaskóla getur því verið talsvert önnur en hjá kennara sem ræður sig hjá ríki og sveitarfélagi og þarf að hafa það í huga.

3.9. Styrkleikar og það sem betur má fara

Eftirfarandi meginspurningar voru lagðar til grunvallar matinu:

- Starfar skólinn innan gildandi laga og reglugerða um framhaldsskóla?
- Hvað einkennir einkum stjórnun skólans?
- Hvað einkennir samstarf og samskipti innan skólans svo og skólans og nærsamfélags hans?
- Hvað einkennir náms- og kennsluhætti innan skólans þar með talið námsmat?
- Hver eru viðhorf stjórnenda, kennara og nemenda til skólastarfs og gæða þess?
- Hvaða leiðir eru farnar til að stuðla að umbótum og skólaþróun?

Í niðurstöðuköflunum hér að fram höfum við dregið fram svör við þessum spurningum út frá þeim gögnum sem aflað var. Hér á eftir verða fregnar fram sérstaklega fram styrkur Menntaskólans Hraðbrautar og síðan þeir þættir sem þarf að bæta.

Styrkur skólans

- Skólinn er rekinn samkvæmt skýrri hugmyndafræði sem er áhugaverð og eftir því sem við vitum best er ekki í boði annars staðar. Þarf að huga að því hvað gerist þegar að

nemendur geta sótt stytta stúdentsnám til annarra skóla skv. nýjum lögum um framhaldsskóla.

- Sérstaðan skólans er annars vegar tveggja ára nám til stúdentspróf og hins vegar skipulag námsins í lotum. Skipulag lotukerfis og fyrirkomulag um heimanám í skólanum (yfirsetufólk). Þetta er mjög áhugavert kennsluform sem nemendur eru mjög ánægðir með og telja veita sér mikið aðhald og sé skemmtileg áskorun fyrir þá sem vilja leggja sig fram.
- Skólinn gerir miklar kröfur til nemenda um ástundun og mikið aðhald og haldið er vel utan um nemendur
- Smæð skólans er styrkur bæði hvað varðar samskipti nemenda og samskipti nemenda og kennara. Margir nemendur sækja sérstaklega í skólann vegna smæðar hans.
- Kjarni kennarahóps heldur saman og lýsir samskiptum sínum innbyrðis á mjög jákvæðan hátt.
- Kennarar eru mjög metnaðarfullir og tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu sem fylgir því að starfa í þessu kerfi (einn kennari, stífur tímarammi og krafa um skýrt skipulag). Kennarar kunna vel við að vinna í slíku akkorði en segja það gera mikla kröfu til þeirra um skipulag, verkefnagerð og námsmat
- Skipulag kennslu er afar skýrt og nemendur vita vel til hvers er ætlast af þeim hverju sinni.
- Kennarar telja aðbúnað til kennslu og vinnuástöðu góða.
- Skólinn veitir annað tækifæri til náms fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum hafa þurft að hverfa frá námi í framhaldsskóla. Kennarar og nemendur láta í ljósi ánægju með þennan möguleika og virðist vera að svara þörf. Fulltrúi þeirra nemenda telur kostinn vera mikið aðhald og sjá fyrir námslok á stuttum tíma.

Það sem betur má fara

- Samskipti skólastjóra og annara starfsmanna virðist vera mjög brotkennt og margir starfsmenn ósáttir við stjórn skólans og miklar fjarvistir skólastjóra (6 vikur á vormisseri). Ósætti litar skólastarfið og viðhorf kennara almennt. Sumar kennarar telja að skólinn verði að hafa betri faglega forystu til að geta þróast áfram.
- Stjórnhættir skólastjóra falla illa að hugmyndum margra kennara, einhliða ákvarðanir í mikilvægum málefnum. Kennara telja sig koma lítið að stjórn skólans og eiga ekki sæti í skólastjórn. Undir lok úttektartíma sagði skólastjóri að verið væri að setja á laggirnar skólaráð með fulltrúum kennara. Viðurlög við reglum voru óljós og virtust byggðar á geðþótta þrátt fyrir skýrar reglur.

- Aðstoðarskólameistari hefur þurft að taka á mjög mörg verkefni sem eðlilegra mætti segja að heyrðu undir skólastjóra, hún hefur sagt upp stöðu sinni vegna óánægju með stjórnunarhætti og stöðu samskipta milli stjórenda og kennara.
- Kennarar eru faglegir einyrkjar, þrátt fyrir góðan anda meðal samkennara og því ekkert eiginlegt þróunarstarf í gangi. Skipulag kennslu gerir þeim erfitt um vik að sækja endurmenntun og þeir telja sig ekki hvatta til þess
- Engin vinna í gangi innan skólans vegna þróunar nýrrar námskrá eins og kennarar og skólastjóri staðfesta.
- Hugmyndalegur ágreiningur milli meirihluta kennara og skólastjóra um það hvernig skóli þetta á að vera (skólastjóri vill taka inn nemendur úr grunnskóla með góða einkunn en ýmsir kennarar og aðstoðarskólameistari sjá skólann þjóna mjög eldri nemendum.
- Mikið brottfall var síðastliðið ár og ýmsar ástæður gefnar fyrir því.
- Lítil aðsókn nemenda er að skólanum. Þrátt fyrir metnaðarfullt starf hefur skólanum ekki tekist að fylla kvóta skólans um nemendafjölda.

Lokaorð

Eins og sjá má að ofansögðu hefur Menntaskólinn Hraðbraut yfir að búa mörgum sterkum þáttum sem eru til fyrirmyndar. Starfsmenn skólans eru mjög metnaðarfullir og kappsamir fyrir hönd skólans og nemenda sinna. Þeir eru skipulagðir og veita nemendum gott aðhald og eru mjög nálægir og auðvelt er fyrir nemendur að leita til þeirra. Yfir skólanum ríkir dags daglega létt andrúmsloft og samskipti nemenda og kennara virðast mjög góð. Samskipti nemenda eru mikil og þeim líður yfirleitt vel í skólanum og eru ánægð með hann.

Smæð skólans er í senn styrkur hans og veikleiki. Styrkurinn felst í nálægðinni, öll samskipti verða persónulegri, einstaklingurinn týnist ekki og einelti er nær óþekkt meðal nemenda. Að sama skapi gerir smæðin það að verkum að námsval er nær ekkert, bókasafn og mötuneyti vantar og kennarar eru nær allir einyrkjar sem gerir faglegt þróunarstarf erfitt.

Kennsluform skólans þ.e. lotukerfið er búið kostum og göllum. Það býður upp á strangt aðhald og mjög skýrt skipulag og mikið sjálfsnám og kallar á samhjálp nemenda og sjálfstæði í námi. Um leið hljóta að vakna spurningar hvort þessi þröngi rammi bjóði upp á nægjanlegt svigrúm til fjölbreyttra kennsluhátta og dýptar í námi.

Veikasti þáttur skólans og sá fyrirferðarmesti nú er stjórn skólans og samskipti skólastjóra og hluta starfsmann. Þau eru það slæm að þau hljóta að setja mark sitt á allt faglegt starf skólans og við verður ekki búið að mati okkar.